



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 20/2024

## **Auglýsingar nammi.net á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær**

### **I.**

#### **Málsmeðferð**

Í kjölfar úttektar Neytendastofu á auglýsingum sérverslana og framleiðanda nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir þær, sendi stofnunin bréf til Innco innflutnings ehf. (nú Innflutningur og dreifing ehf.), rekstraraðila vefsíðunnar nammi.net, dags. 27. desember 2023. Greindi stofnunin frá þeim athugasemdum sem stofnunin gerði við markaðsefni félagsins.

Gerði stofnunin grein fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, ásamt ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Tók stofnunin m.a. fram að fyrirtækjum sé óheimilt að sýna neyslu eða hvers konar meðferð á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær í auglýsingum sínum. Þá sé söluaðilum jafnframt óheimilt að auglýsa vörumerki framleiðanda slíkra vara, ásamt auglýsingum ákveðinna vara, í því skyni að auka sölu á þeim. Seljendum sé þ.a.l. óheimilt að birta auglýsingar á einstaka vörumerkjum og ákveðnum vörum á samfélagsmiðlum sínum, óháð birtingarmynd viðkomandi auglýsingar, séu þær birtar til að auka sölu slíkra vara. Þótti stofnuninni rétt að benda félaginu á að feli auglýsingar í sér vöru án nikótíns hjá verslunum sem selji að langstærstum hluta nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær, leggi stofnunin mat á það hversu augljóst það sé m.v. uppsetningu viðkomandi auglýsingar, almennt vöruúrval félagsins og hvort umbúðir séu sambærilegar vörum með nikótíni.

Þá benti stofnunin á að á samfélagsmiðlum félagsins, með áherslu á Facebook og Instagram, megi finna myndir sem sýni nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær með beinum hætti. Stofnunin telji það koma til skoðunar hvort færslurnar feli í sér brot gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018.

Vísaði stofnunin einnig til þess að lýsingar á ýmsum vörum á vefsíðu félagsins, nammi.net, hafi gengið lengra en hlutlaus lýsing á einkennum og bragði varanna með notkun jákvætt hlaðinna lýsingarorða, oft í formi langra lýsinga á bragðupplifun neytandans. Taldi stofnunin



að 1. mgr. 11. gr. laganna kæmi jafnframt til skoðunar við mat á því hvort lýsingarnar kynnu að fela í sér brot.

Óskaði stofnunin eftir skýringum eða athugasemdum félagsins við erindið.

Ekkert svar barst stofnuninni þrátt fyrir ítrekun á erindi sínu, dags. 2. febrúar 2024. Í ljósi þess lýsti stofnunin gagnaöflun lokið í málinu með bréfi til félagsins, dags. 21. febrúar 2024 og félaginu tilkynnt að málið yrði tekið til ákvörðunar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Þrátt fyrir framangreint barst Neytendastofu tölvupóstur frá félaginu þann 27. febrúar 2024 þar sem tekið var fram að búið væri að lagfæra það sem stofnunin hafi gert athugasemdir við.

## **II. Niðurstaða**

### **1.**

Mál þetta lýtur að mögulegum auglýsingum Innflutnings og dreifingu ehf. á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Er nánar tiltekið um að ræða auglýsingar á samfélagsmiðlum félagsins og vefsíðu þess, nammi.net. Taldi stofnunin að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, kæmi til skoðunar við mat á því hvort að háttsemi félagsins hafi falið í sér brot gegn auglýsingabanni á slíkum vörum, ásamt 1. mgr. 13. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Eftir að stofnunin hafði lýst gagnaöflun lokið í málinu bárust svör frá félaginu þar sem tilgreint var að búið væri að lagfæra þau atriði sem stofnunin gerði athugasemdir við. Mun stofnunin líta til breytinganna við töku ákvörðunar í málinu.

### **2.**

Í lögum nr. 87/2018 er að finna ákvæði sem fjalla um heimildir fyrirtækja til að auglýsa nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær. Í 1. mgr. 11. gr. laganna er sérstaklega fjallað um bann við hvers konar auglýsingum á nikótínvörum. Er ákvæðið svohljóðandi:

*„Hvers konar auglýsingar á nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum fyrir þær eru bannaðar. Þá er bannað að sýna neyslu eða hvers konar meðferð nikótínvara, rafrettna eða áfyllinga í auglýsingum. Neytendastofa fer með eftirlit með banni við auglýsingum á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær. Um málsmeðferð Neytendastofu, úrræði og viðurlög vegna brota gegn grein þessari og um kærurétt til áfrýjunarnefndar neytendamála fer samkvæmt ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“*



Eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna er fyrirtækjum gert óheimilt að birta hvers kyns auglýsingar á níkótínvörum. Þá er jafnframt að finna bann við að sýna neyslu eða hvers konar meðferð níkótínvara í auglýsingum.

Í 1. tölul. 3. gr. laganna er að finna skilgreiningu á hugtakinu „*auglýsing*“ í skilningi laganna. Er skilgreiningin svohljóðandi:

*„Þegar vöru eða vörumerki er komið á framfæri við almenning í því skyni að auka sölu vörunnar, m.a. með vörukynningum á hvaða formi sem er, ústillingum í verslunum eða annars staðar, umfjöllun í fjölmiðlum, vefmiðlum eða samfélagsmiðlum eða dreifingu vörusýna til neytenda.“*

Skilgreining hugtaksins er rúm og nær þ.a.l. yfir flestar þær auglýsingar sem birtast neytendum á hinum ýmsu miðlum.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“*

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. er matskennt og samkvæmt umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laganna er það háð mati Neytendastofu eða dómstóla hverju sinni að meta hvort viðskiptahættir samræmist góðum viðskiptaháttum á hverjum tíma. Við það mat hefur stofnunin m.a. litið til sjónarmiða annarra laga sem eiga við um starfsemina, þar sem það á við.

### 3.

Í máli þessu verður lagt mat á það hvort Innflutningur og dreifing ehf., rekstraraðili vefverslunarinnar nammi.net, hafi brotið gegn auglýsingabanni 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, ásamt ákvæðum laga nr. 57/2005, með ólögum auglýsingum á níkótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær.



Hvað varðar færslur félagsins á samfélagsmiðlum var um að ræða myndbirtingar, hvort sem það er með almennri myndbirtingu eða í gegnum sk. Stories, sem sýna með beinum hætti nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær, eða þar sem þær eru sýndar óbeint, t.a.m. í bakgrunni auglýsingarinnar. Færslurnar voru birtar í mismunandi tilgangi, ýmist til að auglýsa gjafaleiki, verðlækkanir, endurvinnslu, opnunartíma eða til að kynna sjálfa vöruna. Þykir Neytendastofu engum vafa undirorpið að myndbirtingar með þessum hætti séu til þess að auka sölu á tédum vörum, enda vandséð að sérværslun með nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær birti myndir af vöruúrvali sínu í öðrum tilgangi en að kynna vörurnar fyrir neytendum til að auka sölu þeirra. Samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. 3. gr. laga nr. 87/2018 er því um auglýsingu að ræða í skilningi laganna. Bendir stofnunin jafnframt á að ekki skiptir máli hvort nikótínvörur, rafrettur eða áfyllingar fyrir þær séu í forgrunni auglýsingar eða sjáist í bakgrunni hennar. Allar auglýsingar á slíkum vörum eru bannaðar á grundvelli 1. mgr. 11. gr. laganna. Með hliðsjón af framangreindu telur stofnunin að umræddar myndbirtingar á samfélagsmiðlum félagsins hafi falið í sér auglýsingar á nikótínvörum og rafrettum sem brýtur gegn 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Eftir yfirferð stofnunarinnar á samfélagsmiðlum félagsins í kjölfar svarbréfs félagsins, mótt. 27. febrúar 2024, kom hins vegar í ljós að félagið hafi lokað aðgöngum sínum á þeim samfélagsmiðlum sem athugaðir voru.

Varðandi lýsingar á vörum félagsins á vefsíðunni nammi.net verður að mati stofnunarinnar almennt að setja takmörk fyrir því hvað fyrirtæki geta birt í lýsingum við þær vörur sem bannað er að auglýsa á grundvelli laga nr. 87/2018 og eru seldar á viðkomandi vefsíðu. Kemur ákvæði 1. mgr. 11. gr. ekki í veg fyrir að fyrirtæki birti hlutlausar upplýsingar um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær á vefverslun sinni sem skylt er að veita á grundvelli annarra laga, t.a.m. er skylda á seljendum að birta upplýsingar um helstu eiginleika vöru eða þjónustu, sbr. t.d. a. liður 1. mgr. 5. gr. laga nr. 16/2016, um neytendasamninga. Sé hins vegar gengið lengra við gerð slíkra lýsinga með jákvætt hlöðnum lýsingarorðum um vöruna eða eiginleika hennar kunna þær að fela í sér auglýsingu í skilningi 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018. Eins og áður greinir kom fram í tölvupósti félagsins til stofnunarinnar, mótt. 27. febrúar 2024, að búið væri að lagfæra það sem stofnunin gerði athugasemdir við í erindi sínu. Með hliðsjón af því framkvæmdi Neytendastofa athugun á vefsíðu félagsins sem leiddi í ljós að enn væru að finna fjölda lýsinga á nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær sem hefðu að geyma jákvætt hlaðnar lýsingar á viðkomandi vörum. Dæmi um lýsingar sem Innflutningur og dreifing birtir um vörur sínar á vefsíðunni eru eftirfarandi: „*Indulge in the refreshing taste explosion of Velo Frosty Grapefruit*“; „*Juicy natural taste of homemade raspberries will not leave indifferent fruit lovers. Nicotine pads have a bright raspberry aroma, which is difficult to confuse with something. The flavour of this garden berry tastes great, which changes from more sour to sweeter notes*“; „*This product comes in an all-white slim format, promising a “cleaner” feel, free from bad breath and stained teeth, as well as a luxurious feel under the lip that ensures discreet use. Why do you think this is so popular amongst the nicotine pouch community? There's nothing not to like*“; „*Juicy and intense tastes of berries and fresh mint*“; „*Slow Blow by Nasty SALT is a savory infusion of powerful nicotine salts with elements of aromatic pineapple and tangy lime soda with added effervescence to create a beverage based*



*fruity nicotine salt juice.*“ og „*Ný, einstök bragðblanda. Rabbabari og grænn chili pipar blanda sem hefur slegið í gegn*“; „*Ferskir púðar með jarðaberja bragði sem slegið hafa í gegn! Sérstaklega nettir og mjúkir púðar sem fara vel undir vör*“; og „*Quench your thirst and stay refreshed all day, every day with this well-balanced burst of fresh blackcurrants with a Cooling finish. Perfect for these hot summers days!*“ Þá er jafnframt að finna fjölda annarra lýsinga á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær á vefsíðu félagsins þar sem notaðar eru lýsingar á borð við „*refreshing*“, „*juicy*“, „*heavenly*“, „*indispensable*“, „*crisp*“ o.s.frv. Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að upplýsingum um einkenni og bragð er ofaukið með lýsingum sem innihalda eins jákvætt hlaðin lýsingarorð og hér um ræðir, til viðbótar við hlutlausar upplýsingar um heiti bragðs eða eiginleika vörunnar, og þær til þess fallnar og settar fram með það að markmiði að auka sölu vörunnar og gera hana meira aðlaðandi fyrir neytendur. Ganga framangreindar lýsingar lengra en hlutlaus og einföld kynning á eiginleikum vöru og/eða vörumerkis og því einungis til þess fallnar að ýta undir að neytendur versli umrædda vöru. Á þeim grundvelli telur stofnunin að á vefsíðu félagsins, nammi.net, sé ítrekað brotið gegn bannákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 í lýsingum fyrir nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir þær.

Með hliðsjón af framsetningu framangreindra auglýsinga telur stofnunin jafnframt að félagið sé með birtingu þeirra að viðhafa viðskiptahætti sem eru óhæfilegir gagnvart neytendum, enda um að ræða auglýsingar á vörum sem eru ávanabindandi, hafa áhrif á heilsu notenda og er þar að auki bannað að auglýsa þær lögum samkvæmt. Hefur félagið því með áðurgreindum viðskiptaháttum jafnframt brotið gegn 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.

Telur Neytendastofa rétt, með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 sbr. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, að banna Innflutningi og dreifingu ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Félaginu er veittur frestur í fjórar vikur frá dagsetningu ákvörðunarinnar til að fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið og eðli þeirra auglýsinga sem um telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Innflutnings og dreifingu ehf. stríða gegn góðum viðskiptaháttum sem varða ávanabindandi vörur og kunna að hafa áhrif á heilsu notenda. Við ákvörðun um fjárhæð sektar er litið til framangreinds, umfangs brotsins og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Þá er höfð hliðsjón af viðbrögðum félagsins við erindi stofnunarinnar. Að teknu tilliti til alls þessa telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Innflutning og dreifingu ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 100.000,- (hundrað þúsund krónur).



### III.

#### Ákvörðunarorð:

„Innflutningur og dreifing ehf., Spóaaási 2, 221 Hafnarfirði, hefur með því að auglýsa nikótínvörur í á samfélagsmiðlum sínum brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018, um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Innflutningur og dreifing ehf. hefur með því að birta jákvætt hlaðnar lýsingar á nikótínvörum, rafrettum og áfyllingum fyrir þær á vefsíðunni nammi.net brotið gegn ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/2018 og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Innflutningi og dreifingu ehf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar og skal félagið innan fjögurra vikna fjarlægja markaðsefni sem ákvörðun þessi lýtur að.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Innflutningi og dreifingu ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (hundrað þúsund krónur) vegna brotsins. Sectina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 19. júní 2024

Þórunn Anna Árnadóttir  
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir